


Kór Laugarneskirkju.

Tónleikar Kórs Laugarneskirkju


KÓR Laugarneskirkju heldur árlega vortónleika laugardaginn 8. maí kl. 17.00 í Laugarneskirkju.

Efnisskráin er fjölbreytt, m.a. verða flutt verk frá endurreisnartímabilinu eftir Palestrina, Gallus, De Victoria, Perti og Mozart og rómantísk verk eftir Mendelsohn, Bramhs og Duruflé.

Þá flytur kórinn einnig negrasálma.

Laugardaginn 15. maí heldur kórinn tónleika í Skálholtskirkju.

Stjórnandi kórsins er Ronald Turner.



Morgunblaðið/Þorkell

Helgi Þ. Svavarsson, Óskar Einarsson, Arnþrúður Lilja Þorbjörnsdóttir og Jón Guðmundsson. Á myndina vantar Elínu Gunnlaugsdóttur.

Níu tónverk fimm höfunda frumflutt

TÓNLEIKAR *tónfræðadeildar* Tónlistarskólans í Reykjavík verða haldnir föstudaginn 7. maí klukkan 20.30 í Bústaðakirkju. Þar verða fluttar níu nýsmíðar eftir fimm höfunda sem allir utan einn eru nemendur tónfræðadeildar skólans.

Tónverkin eru afrakstur vetrarstarfsins í tónfræðadeild, en tónsmíðar eru þar valfag er nýtur þeirra vinsælda, að nær allir nemendur deildarinnar fyrr og síðar hafa kosið sér þær að höfuðviðfangsefni.

Verkin sem flutt verða eru: Tvö smáverk fyrir málmblásara eftir Helga Þ. Svavarsson; Tilbrigði við Þorlákstíðir eftir Óskar Einarsson; Söknuður fyrir söngtríó og litla hljómsveit eftir Arnþrúði Lilju Þorbjörnsdóttur við samnefnt ljóð Jóhanns Jónssonar; Flautufuglinn fyrir blokkflautukvartett eftir Elínu Gunnlaugsdóttur; tvö verk eftir Jón Guðmundsson, Nýheiðin dans- og skemmtitónlist í anda vopnfirskrar vitfirringar fyrir þrjá gítara og Strengjakvörtun hin fyrsta fyrir strengjakvartett; auk þessa verða flutt þrjú stutt raftónverk eftir þau Helga, Arnþrúði og Jón.

Flytjendur á tónleikunum eru nemendur Tónlistarskólans í Reykjavík auk nokkurra atvinnumanna, stjórnendur Bernhard Wilkinson og Helgi Þ. Svavarsson.

Elín Gunnlaugsdóttir, einn þeirra höfunda sem eiga verk á tónleikunum, útskrifast með lokapróf í tónsmíðum úr tónfræðadeild Tónlistarskólans nú í vor. Lokaverkefni hennar er tónverk fyrir hljómsveit sem hún kallar Myndir af hafinu. Mun hljómsveit skólans flytja það næsta haust.

Aðgangur að tónleikunum er ókeypis.

Kór Stykkishólmskirkju 50 ára

KÓR Stykkishólmskirkju er 50 ára um þessar mundir. Af því tilefni heldur kórinn tónleika í Stykkishólmskirkju laugardaginn 8. maí kl. 17.

Á efnisskrá eru m.a. Messa eftir Schubert, lög úr Fiðlaranum á þakinu, lög eftir Jón Nordal, Sigfús Halldórsson, Frans Lehar o.fl. Fjöldi hljóðfæraleikara kemur fram með kórnum, einnig barnakór og félagar úr kórum nágrannabyggðanna.

(Fréttatilkynning)

Myndlistarsýning Soffíu frá Bjargi

SOFFÍA Þorkelsdóttir frá Bjargi opnar sýningu á verkum sínum að Öldugötu 15, félagsheimili Geðhjálpar, klukkan 13 þann 8. maí n.k. Flest verkin á sýningunni eru blýantsteikningar, en einnig eru nokkrar vatnslita- og akrylmyndir. Sýning Soffíu verður opinn alla daga e.h. næstu tvær til þrjár vikurnar.

Táknrænar vísanir

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Málarinn *Daði Guðbjörnsson* fer ekki troðnar slóðir í listsköpun sinni, heldur anar áfram í nær stjórnlausum pataldri við form og inntak myndlistarinnar.

Daði sótti sitt listræna uppeldi á hugmyndafræðilegu sviði, en uppgötvaði að hin einangraða tilbúna hugmyndafræði var einungis ein kreddan í viðbót, eitt lítið innskot í umræðu núlista og snéri sér því að málverkinu. Menningarmálanefnd Reykjavíkurborgar hefur boðið listamanninum að sýna myndverk sín í vestri sal Kjarvalsstaða, og þar getur að líta mikinn fjölda málverka frá síðustu árum, er bregða ljósi á margræða innri togstreitu milli málverks og hugmyndafræði.

Fari maður að hugsa um þróunina án leiðsagnar sjálfskipaðra eða löggiltra forsjárhyggjumanna, kemst maður fyrr eða síðar að þeirri merkilegu niðurstöðu, að nútímalistin hófst ekki með hinum svonefnda og margtuggna „modernisma“. Heldur er hér um að ræða rökræðu sem staðið hefur yfir frá dögum forn Grikkja. Allar fullyrðingar um annað hljóta að vera markleysa, því að margt af vísdómi fornaldarinnar eru burðarstoðir og kjölfesta vestrænnar menningar enn þann dag í dag.

Stílbrigðin tóku út þróun sína um aldir og það línurit, er auðlesið frá upphafi. Nýir tímar, er orsökuðu kaflaskil í sögunni mörkuðust af endurfæðingu eða endurreisn („rinascimento“) eða kannski réttara uppstokkun fyrri gilda. Og þegar þess er gætt að fæðingarhríðarnar hófust fyrir sex hundruð árum, (um 1390), og lok tímabilsins markaðist í byrjun sextándu aldar með andláti tveggja höfuðsnillinga, þeirra Leonardos (1519) og Rafaels (1520), má vera ljóst að ekki var um hugljómun listhöndlara né meyfæðingu að ræða. Hér var öllu heldur að menn snéru sér til fornaldarinnar og endurvöktu gildi hennar um leið og þeir endurnýjuðu þau í ljósi nýrra tíma. Meistarar „Trecento“ tímabilsins einkum Giotto ruddu nýjum hugmyndum braut og vinirnir Brunelleschi, Donatello og Ghiberti, sem voru sitt á hvað og allt í senn gullsmiðir, myndhöggvarar og húsameistarar, þróuðu þær áfram ásamt fleirum. Þeir og þá einkum Bruneschelli uppgötvuðu miðjufjarvíddina, rýmis- og himnafjarvíddina auk þess sem hlutfallasamræmið í mannslíkamanum er forn Grikkir dýrkuðu var tekið upp og yfirfært á öll svið sjónlista tímanna hús, höggmyndalist, málverk skipulag . . .

Ghiberti leitaði einkum til sporgöngumanna hins merkilega Lysippos frá Sikyon, sem uppi var á 4. öld fyrir Krists burð er markaði hnignun klassísku listarinnar, en sem endurnýjaðist í Hellenismanum eða síðgríska tímabilinu „et di capo rinaque“.

Miðjufjarvíddin kom svo loks í málverkið 1427 í freskómálverki Masaccio í S. Maria Novella kirkjunni í Flórenz.

Að halda er svo er komið, að menn geti rifið gróin gildi niður á nokkurra ára fresti og byggt allt upp aftur eftir eigin höfði hlýtur að vera mikill misskilningur, og í ætt við heimsendakenningar ofsatrúarleiðtoga, sem hiklaust ganga út í opinn dauðann og taka helst allan söfnuð sinn með um leið.

Og hafa slíkar harmsögur ekki um sumt svip af listhópum, sem vilja frelsa heiminn og eru hinir einu handhafar stórasannleika? Þeir hafa það í öllu falli sameiginlegt, að þeir sem eru fyrir utan túngarðinn eru óhreinir og ber að forðast þá sem kaunum slegið fólk, úrelt myglað og gelt.

Ekki þarf svo að líta marga áratugi aftur til að uppgötva, að hver kynslóðin af annarri hefur rifið niður stórasannleik fyrirrennaranna. En nú eru listamenn aftur komnir á bólakaf í fortíðina og hafa jafnvel leitað á vit goðafræðinnar. Reynslan hefur líka sýnt að þessi hraða uppstokkun nær engri átt.

Daði Guðbjörnsson er einn af þeim er leyfðu sér að efast um hið guðdómlega og óskeikula í hugmyndafræði áttunda áratugarins og fór að mála með sígildu miðlunum, en gleymdi þó ekki fræðunum með öllu. Og auðvitað fannst ýmsum fyrri samherjum hann vera óhreinn og brjóstumkennanlegur um leið.

Einkenni listar Daða eru fyrst og fremst hvers konar formrænar vísanir til myndlistar nútíðar sem fortíðar, og hver mynd getur verið sem uppstokkun margra gilda. Í öllu falli virka sum málverka hans eins og slagur á milli ólíkra formeininga svo og blíðra sem hvellra litasamhljóma, þar sem allt getur verið í einni bendu þannig að skoðandinn stendur sem ráðþrota og grípi um höfuð sér.

Vel málaður og mjúkur formrænn stígandi er rofinn af hörðu og freku formi, sem kemur eins og skrattinn úr sauðarleggnum og virkar sem högg undir bringspalir eða „solar plexus“ eins og það heitir á máli hinnar fögru sjálfsvarnar-

UM HELGINA

Tónlist

Nútímatónlist á Kjarvalsstöðum

9. maí verða haldnir á Kjarvalsstöðum tónleikar með verkum Ríkharðs H. Friðrikssonar. Tónleikar þessir eru hluti af tónleikaröð sem Kjarvalsstaðir hafa staðið fyrir í vetur til kynningar á ungum íslenskum tónskáldum. Flytjendur verða Jóhanna Þórhallsdóttir söngkona, Guðni Franszon klarinettuleikari, Monica Abendrodt hörpuleikari og Caput-hópurinn. Einnig verða flutt verk fyrir segulband og sjálfspilandi píanó. Ríkharður H. Friðriksson hefur lagt stund á tónsmíðar í Reykjavík, New York, Siena og Haag.

Tónleikarnir verða haldnir eins og áður sagði, sunnudaginn 9. maí og hefjast klukkan 20.30. Aðgangseyrir er krónur 300.

Röð vortónleika hefst um helgina

Fyrstu vortónleikar Tónlistarskólans í Keflavík verða haldnir í sal skólans á morgun laugardaginn 8. maí klukkan 13 og 15. Á þessum tónleikum koma yngri og styttra komnir nemendur fram og leika á ýmis hljóðfæri.

Sunudaginn 9. maí verða tónleikar á sama stað og hefjast þeir klukkan 16. Þar koma fram nemendur í 3. og 4. stigi námsins þ.e. nemendur sem komnir eru vel af byrjendastiginu. Á öllum þessum tónleikum mun foreldrafélag Lúðrasveitarinnar verða með kaffisölu í skólanum.

Miðvikudags- og fimmtudagskvöldið í næstu viku þ. 12. og 13. maí verða svo tónleikar eldri og lengst komnu nemendanna einnig í sal skólans og hefjast þeir klukkan 20.30.

Föstudagskvöldið 14. maí verða hljómsveitartónleikar skólans í Félagsbíói. Þar munu yngri og eldri lúðrasveitir koma fram ásamt strengjasveit. Hefjast tónleikarnir klukkan 20.30.

Laugardaginn 15. maí fara svo fram skólaslit, að þessu sinni í Félagsbíói. Þar munu nokkrir hópar koma fram s.s. barnakór, hópur Suzuki nemenda og 17 af elstu og lengst komnu nemendunum munu flytja mjög frumlegt verk eftir Stockhausen. Meðal annars verður spilað á blásturshljóðfæri í bala og fleira óvenjulegt.

Aðgangur að öllum tónleikunum er ókeypis og öllum heimill.

Kammertónleikar á Sólon Íslandus


Kammertónleikar verða haldnir á Sólon Íslandus sunnudaginn 9. maí klukkan 17. Fram koma Auður Hafsteinsdóttir fiðla, Lisa Ponton lágfiðla, Richard Talkowsky selló, Richard Korn bassi, Einar Jóhannesson klarinett, Jósef Ognibene horn, Brjánn Ingason fagott og Steef van Oosterhout slagverk. Leikin verða: „Till Eulenspiegel – Einmal anders“ (Grotesque musicale) eftir Richard Strauss í umritun Franz Hascnöhrl, „Tilbrigði fyrir 4 trommur og lágfiðlu“ eftir Michael Colgrass og „Septett í B-dúr“ eftir Franz Berwald.

Tónleikar Tónlistarskóla Garðabæjar

Árlegir vortónleikar Tónlistarskóla Garðabæjar standa nú yfir. Í kvöld klukkan 19 verða tónleikar í Kirkjuhvoli þar sem fjöldi nemenda leika m.a. verk eftir Bach, Rameau, Couperin, Purcell, Bonancini, Mozart, Schubert, Liszt, Grieg, Poulenc, Bartók, Hindemith og Hjálmar H. Ragnarsson. Leikið verður á píanó, fiðlur, selló, blokkflautur, gítar, þverflautur, klarinett og trompett.

Mánudaginn 10. maí klukkan 19.30 verða hljómsveitartónleikar í Kirkjuhvoli. Þar koma fram þrjár blásarasveitir skólans undir stjórn Edwards J. Frederiksens og strengjasveit undir stjórn Andrzejs Kleinas. M.a. verður fluttur píanókonsert í d-moll eftir Bach og leikur Gunnlaugur Þór Briem einleik í konsertinum.

Miðvikudaginn 12. maí klukkan 18 sýna forskóladeildir söngleikinn óla Lokbrá undir stjórn Guðrúnar Ásbjörnsdóttur. Fimmtudaginn 13. maí klukkan 20 halda söngnemendur Sieglinde Kahmann tónleika í Kirkjuhvoli þar sem flutt verða ljóð og óperuaríur eftir innlenda og erlenda höfunda. Föstudaginn 14. maí klukkan



Jóhanna Bogadóttir.



Valgerður Bergsdóttir

20 enda svo söngnemendur Snæbjargar Snæbjarnardóttur þessa tónleikahrinu með ljóða og aríusöng.

Allir tónleikarnir verða í Kirkjuhvoli og er aðgangur ókeypis.

Vortónleikar Tónlistarskóla Hafnarfjarðar

Þessa dagana standa yfir vortónleikar Tónlistarskóla Hafnarfjarðar og þegar hafa verið haldnir tvennir tónleikar, þ.e. tónleikar skólalúðrasveita skólans og tónleikar forskólans.

Í dag, föstudaginn 7. maí, verða